

4 Húsnæðismarkaðurinn - ókleifur múr fyrir ungt fólk?

Með því að tryggja fólki húsnæðisöryggi og hóflegan húsnæðiskostnað minnka verulega líkur á fjárhagslegum og félagslegum vanda.

6 Vandað og hentugt leigu- húsnæði á hagstæðu verði

Bjarg - íbúðafélag er leigufélag rekið án hagnaðarmarkmiða og er fyrirmyndin sótt til Norðurlandanna.

8 Sungið til hins vinnandi manns ...


Jafn ólíkir listamenn og Paul Weller, Fine Young Cannibals og Jimmy Sommerville skrifuðu beinskeytta og rammpólítiska texta.



1. tölublað · 66 árgangur · Vor 2017

# WINNAN

Tímarit Alþýðusambands Íslands



Halldór  
2017

## Þekktu þinn rétt!

Íslendingar á vinnumarkaði: 175.760

## Bądź świadom swoich praw!

Polacy na islandzkim rynku pracy: 8.798

## Žinokite savo teises!

Lietuviai islandiškoje darbo rinkoje: 1.330

## Alamin ang iyong mga karapatan!

Mga Pilipino sa mercado ng manggagawa sa Iceland: 336

## รู้จักสิทธิของคุณ

คนไทยในตลาดแรงงานไอซ์แลนด์: 320

## Know Your Rights!

Á Íslandi eiga allir rétt á sanngjörnum launum, frídögum og orlofi, og að farið sé eftir kjarasamningum – óháð þjóðerni og uppruna. Við berjumst fyrir þínum kjörum og viljum hjálpa þér að þekkja þinn rétt.

**Kynntu þér réttindi þín á [vr.is](http://vr.is)**


In Iceland, all full time employees of all nationalities have a right to fair pay, paid overtime and a paid vacation. Wages below general labor agreements are illegal. We help you protect your rights.

**Further information: [vr.is](http://vr.is)**

# Húsnæðisöryggi - sjálfsögð mannréttindi



Ég óska launafólki um allt land til hamingju með daginn og hvet alla til þess að leggja baráttu okkar lið með þátttöku á þeim fundum sem haldnir eru vítt og breitt um landið í dag. Samhliða því sem við rífum upp áræði og dug íslensks verkafólks í baráttunni fyrir bættum kjörum og meiri réttindum, er ljóst að verkalyðshreyfingin stendur nú árið 2017 frammi fyrir gamalkunnugri áskorun. Húsnæðismálin voru eitt fyrsta stefið í kröfugerð verkafólks fyrir 100 árum þegar heilsuspillandi húsnæði og gríðarlegur húsnæðisskortur þrengdu að möguleikum alþýðunnar til betra lífs. Verkalyðshreyfingunni tókst í samstarfi við bandamenn sína á Alþingi að ná góðum árangri í þessum málaflokki á ýmsum skeiðum á síðustu öld. Fyrst með stofnun verkamannabústaðakerfisins árið 1929 sem rekið var til síðustu aldamóta og stóð að byggingu á hagkvæmu og hentugu húsnæði fyrir tekjulágar fjölskyldur, en Byggingafélag alþýðu reisti fyrstu íbúðirnar í þessu kerfi upp úr 1930 í vesturbæ Reykjavíkur. Síðar beitti verkalyðshreyfingin sér fyrir því að ríkið kæmi að málum til að auðvelda almenningi kaup á eigin húsnæði og til að koma í veg fyrir að braskarar gerðu húsnæðisskort að féþúfu. Húsnæðismálastofnun ríkisins var stofnuð á sjötta áratugnum sem veitti almenningi lánaþyrngrið til kaupa á eigin íbúð og var með öfluga hönnunar- og teiknideild þar sem almenningur gat fengið hagkvæmar teikningar. Því miður fór það svo skömmu eftir aldamótin síðustu að stjórnvöld tóku þá upplýstu ákvörðun að eyðileggja verkamannabústaðakerfið og leggja af hönnunar- og teiknideildina. Síðan hefur horft til verri vegar í húsnæðismálum mikils fjölda okkar félagsmanna. Ætla má að ríflega 13 þúsund íbúðir hafi verið í verkamannabústaðakerfinu þegar það var lagt af og þeim sem þar bjuggu gefin kostur á að kaupa íbúðirnar með láni á markaðskjörum. Þegar í byrjun lenti þorri kaupenda í vanda með greiðslubyrði þessara lána – þrátt



“ Því miður fór það svo skömmu eftir aldamótin síðustu að stjórnvöld tóku þá upplýstu ákvörðun að eyðileggja verkamannabústaðakerfið. ”

fyrir að hafa fengið að eignast verulegan eignarhlut – og kannanir Hagstofu Íslands sýna að greiðsluvandi þessa hóps hófst þegar árið 2004 en ekki í kjölfar hrunsins. Það er enginn vafi á því að ef verkamannabústaðakerfið hefði fengið að þróast áfram í friði fyrir pólitískri þröngsýni hægrri aflanna væru um 20 þúsund íbúðir í þessu kerfi í dag og aðstæður bæði tekjulægri fjölskyldna og ungs fólks allt aðrar

og betri. Nú er svo komið að ungt fólk sem ekki hefur sterkt fjárhagslegt bakland á litla sem enga möguleika á að hefja búskap. Tekjulágar fjölskyldur þurfa að nota allt að helmingi tekna sinna til að greiða leigu og búa samt við mjög mikið húsnæðisöryggi. Verulegur skortur er á húsnæði og bæði fasteignaverð og leiguverð eru í hæstu hæðum. Ástandið er grafalvarlegt og það mun ekki lagast nema að ráðist verði hratt og af festu í uppbyggingu á miklum fjölda hagkvæmra íbúða. Verkalyðshreyfingin hefur ávallt litið svo á að húsnæðisöryggi séu sjálfsögð mannréttindi og það var af þessari ástæðu sem ASÍ og BSRB réðust í að stofna sjálfseignastofnunina Bjarg – íbúðafélag á 100 ára afmæli ASÍ á síðasta ári. Það var af þessari sömu ástæðu sem aðildarfélag ASÍ settu uppbyggingu leiguíbúða fyrir tekjulægri félagsmenn sem forsendu inn í kjarasamninga sína í maí 2015 og fengu þannig ríkið til að leggja til fjármagn fyrir byggingu 600 íbúða á ári næstu fjögur árin. Jafnframt er vaxandi umræða innan hreyfingarinnar um að hún ætti einnig að beita sér fyrir því að verja okkar fólk gagnvart misnotkun fasteignabráskara, líkt og gert var um miðbik síðustu aldar þegar Smáíbúðahverfið var byggt upp og hönnunar- og teiknideild Húsnæðismálastofnunar var stofnuð. Verkalyðshreyfingin hefur áður staðið að stofnun byggingarsamvinnufélaga með það að markmiði að auðvelda félagsmönnum að eignast íbúð á hagkvæmari hátt. Nú þarf að hefjast handa ekki seinna en strax til að félagsmenn okkar komist út úr þeim ógöngum sem stjórnvöld hafa att þeim út í húsnæðismálum. Við viljum byggja upp réttlátt samfélag þar sem gott og öruggt húsnæði þykir sjálfsögð mannréttindi – ekki forréttindi.

Henný Hinz hagfræðingur ASÍ

# Húsnæðismarkaðurinn – ókleifur múr fyrir ungt fólk?



Öll þurfum við þak yfir höfuðið. Húsnæðisöryggi er því sjálfsögð mannréttindi. Stærsti útgjaldaliður heimilanna er húsnæði og því hefur málaflokkurinn verið á borði verkalyðshreyfingarinnar frá fyrstu tíð. Um síðustu aldamót var verkamannabústaðakerfinu kollsteypt, illu heilli, og markaðnum látið eftir að stýra málum. Sú ákvörðun átti eftir að verða afdrifarík og nú er svo komið að fullkomið ófremdar-ástand ríki á húsnæðismarkaði þar sem stórir hópar, einkum ungt fólk, eru í stórkostlegum vandræðum. Af þeim ástæðum lagði ASÍ þunga áherslu á húsnæðismál í síðustu kjarasamningum. Niðurstaðan var nýtt verkamannabústaðakerfi. Kerfið kallast Almennar íbúðir sem er nýtt leiguíbúðakerfi á Íslandi. Leigufélögin þurfa að vera sjálfseignarstofnanir, rekna „non profit“, með viðráðanlegri leigu fyrir ungt fólk og lágtekjufólk. Ríki og sveitarfélög munu leggja til 30% af stofnkostnaði við íbúðirnar sem leiðir til lækkunar leiguverðs. Henný Hinz, hagfræðingur ASÍ, þekkir húsnæðismarkaðinn og nýja almenna íbúðakerfið vel.

„Á sama tíma og 80 milljörðum af almannafé var deilt út til húsnæðis-eigenda, sem fór að stórum hluta til tekjuhæsta hluta þjóðarinnar, voru engin áform um að bæta stöðu verst stadda hópsins.“

Af hverju er rík þjóð sem telur aðeins 335 þúsund sálir komin á þann stað að fjöldi fólks á litla möguleika á að komast inn á íbúðamarkaðinn, hvort sem er til að leigja eða kaupa?

„Ég tel eina meginorsökina vera að ríki og sveitarfélög hafa ekki tekið hlutverk sitt í húsnæðismálum alvarlega,“ segir Henný. „Húsnæðismál eru í eðli sínu grundvallar velferðarmál hversar fjölskyldu en á sama tíma mikilvægt efnahagsmál því óstöðugleiki og sveiflur á húsnæðismarkaði hafa gríðarleg áhrif á efnahagslífið og fjárhag heimila. Vandinn sem nú blasir við var fyrirséður. Það hefur lengi legið fyrir að stórir árgangar kæmu inn á húsnæðismarkaðinn á þessum tíma en hins vegar hefur ekki legið fyrir nein heildarsýn á húsnæðismarkaðinn þar sem þörf ólíkra hópa er metin til framtíðar og stillt saman m.a. við skipulag og byggingaráform á einstökum svæðum. Í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 var mjög lítið byggt af íbúðarhúsnæði og mun minna en þörf var á til að mæta árlegri þörf fyrir nýtt húsnæði og þrátt fyrir talsverða aukningu í íbúðabyggingum sl. tvö ár dugar það langt í frá til að mæta þörfinni, hvað þá að vinna á uppsafnaðri þörf undanfarinna ára. Við þetta hefur svo bæst ferðamannsprenjga sem veldur því að mikið af húsnæði sem áður nýttist til búsetu er nú leigt út til ferðamanna. Vandinn við að horfa ekki fram í tímann í húsnæðismálum er að þegar í óefni er komið eru engar skyndilausnir til sem raunverulega leysa vandann.“

Hvað hópar eru það sem standa verst?

„Ungt fólk og tekjulágt eru án efa þeir hópar sem standa verst við núverandi aðstæður. Þetta eru þeir hópar sem hafa ekki bolmagn til að kaupa húsnæði og eiga fárra kosta vöð nema leigja á almennum markaði og greiða húsaleigu sem er oft og tíðum um eða yfir helmingur af ráðstöfunartekjum heimilisins sem setur fólk auðvitað í fjárhagslega spennitreyju. Fáir raunhæfir kostir eru fyrir fólk í þessari stöðu. Eftir að verkamannabústaðakerfið var lagt niður fyrir um tveimur áratugum hefur markaðsöflunum að mestu verið látið eftir að stýra húsnæðismarkaðnum og þessi staða er að verulegu leyti afrakstur þess,“ segir Henný Hinz.

## Í kjarasamningunum 2015 samdi ASÍ við stjórnvöld um byggingu á 2.300 leiguíbúðum innan nýja almenna íbúðakerfisins fram til ársins 2019. Hversu langt dugar það?

„Já, ASÍ hefur nú um árabíl bent á hvernig tekjulág heimili hafa verið skilin eftir á húsnæðismarkaði og barist fyrir því að hér yrði byggt upp félagslegt húsnæðiskerfi sem tryggir gott og öruggt húsnæði á viðráðanlegum kjörum. Sú barátta bar loks árangur í tengslum við kjarasamningana vorið 2015 þegar stjórnvöld gáfu loforð um að leggja fram stofnframlög til niðurgreiðslu á byggingu 2.300 íbúða fram til ársins 2019 í nýja almenna íbúðakerfinu. Þessi áfangi var mjög mikilvægur því með honum var einnig tryggt sú nauðsynlega lagaumgjörð sem þurfti um uppbygginguna en það er engin launung að ASÍ taldi þá og telur enn að fara þurfi hraðar í uppbygginguna vegna þess mikla vanda sem safnast hefur upp. Tillaga ASÍ var að byggja um 1.000 íbúðir á ári fyrstu fimm árin og síðan 600 á ári eftir það. Við höfum svo sannarlega unnið mikilvægan áfangasigur með nýja leiguíbúðakerfinu og 2.300 íbúðum en framundan er áframhaldandi barátta fyrir fleiri almennum íbúðum.“

### Verkalýðshreyfingin er að reyna að hreyfa þessum málum, bæði í kjarasamningum og svo með stofnun félags eins og Bjargs - íbúðarfélags. Eru stjórnámálmenn ráðalausir í málinu?

„Stjórnámálmenn hafa sofið á verðinum um þessi mál í of langan tíma og látið hópinn í mestum vanda sitja eftir. Á sama tíma og 80 milljörðum af almannafé var deilt út til húsnæðiseigenda, sem fór að stórum hluta til tekjuhæsta hluta þjóðarinnar, voru engin áform um að bæta stöðu verst stadda hópsins. Ef ekki hefði komið til mikils þrýstings frá ASÍ efast ég um að neitt hefði þokast í þessum málum. En ég geri mér vonir um að nú þegar málið er komið af stað og með þeirri miklu umræðu sem er um erfiða stöðu á húsnæðismarkaði sjái stjórnámálmenn mikilvægi þess að koma að þessu verkefni með myndarskap og leggja fram það nauðsynlega fé sem þarf til að fjölga enn frekar hagkvæmum íbúðum með viðráðanlegri húsaleigu. Við vitum að með því að tryggja fólki húsnæðisöryggi og hóflegan húsnæðiskostnað minnka verulega líkur á fjárhagslegum og félagslegum vanda sem af honum hlýst og við sköpum líka börnum mannsæmandi uppvaxtarskilyrði. Ráðamenn ættu því að horfa á þann mikla hag sem bæði einstaklingar og samfélagið allt hefur af því að gera betur á þessu sviði. Það er sjálfsgöð og eðlileg krafa að allt fólk hér á landi búi við húsnæðisöryggi og við höfum sem samfélag alla burði til að sjá til þess að svo sé.“

### Er félagslegur stuðningur í húsnæðismálum notaður sem jöfnunartæki á hinum Norðurlöndunum?

„Já, í nágrannalöndum okkar hefur frá því á fyrri hluta síðustu aldar verið byggt upp öflug félagsleg húsnæðiskerfi sem ná til um 20% alls íbúðarhúsnæðis. Samhliða þessu eru öflug húsnæðisbótakerfi sem styðja við ungt fólk, barnafjölskyldur og tekjulægri en hér á landi hefur slíkra jöfnun verið beitt í mun minna mæli. Þessi stefna á stóran hlut í hinni norrænu velferð sem hefur stuðlað að meiri velsæld og jöfnuði en þekktist í nokkrum öðrum ríkjum. Þess vegna lögðum við svona mikla áherslu á nýja almenna íbúðakerfið með leiguíbúðum fyrir ungt fólk og tekjulága og nýtt húsnæðisbótakerfi í síðustu kjarasamningum,“ segir Henný Hinz hagfræðingur ASÍ.



Elva Hrönn Hjartardóttir er tveggja barna móðir í háskólanámi. Hún segir nánast vonlaust fyrir ungt fólk að láta sig dreyma um að kaupa sér íbúð í dag nema að til komi hraustlegur stuðningur frá foreldrum.

Ungt fólk, sumt með börn, sem borgar dýra leigu á litla möguleika á að safna upp í útborgun til íbúðarkaup. Elva Hrönn Hjartardóttir 33 ára nemi í stjórn málafræði og maðurinn hennar sem er rafvirki eru í þeim sporum.

„Við erum fjögur í fjölskyldunni og höfum búið í sama leigu-húsnæðinu, þriggja herbergja íbúð í fjölbýli, undanfarin sex og hálf ár. Hingað til höfum við verið mjög heppin með leigu en vorum að fá á okkur mikla leiguhækkun,“ segir Elva Hrönn.

### Hafið þið leitt hugann að því að kaupa íbúð?

„Já, oft og skoðum reglulega fasteignasíður til þess eins að láta okkur dreyma.“

### Hvað stendur í veginum?

„Svo margt – það er ekki fræðilegur möguleiki fyrir okkur að safna upp í útborgun á íbúð. Hvorugt okkar á foreldra sem geta hjálpað okkur við íbúðakaup, ég er í háskóla og við erum að borga upp námslán og annað. Við þessar aðstæður verður draumurinn um eigið húsnæði fjarlægur.“

### Hvenær sjáið þið fram á að geta keypt?

„Við sjáum ekki fram á að geta keypt næstu árin og það skapar vissulega ákveðið óöryggi.“

### Hvað þarf til?

„Fyrst og fremst þarf að koma fasteignaverðinu niður og gefa fólki kost á að velta fyrir sér möguleikanum á að kaupa sitt eigið. Fjölga íbúðum, íbúðakostum og leiðum til að eignast eigið húsnæði. Greiðslumat þarf að vera miklu raunsærra og taka mið af raunverulegum útgjöldum, innkomu og aðstæðum fólks. Viðmið og útgjaldaliðir sem hafa verið staðlaðir fyrir greiðslumat eru oft á tíðum algjörlega úr takti við það sem fólk er virkilega að leyfa sér og kemst af með. Það er líka undarlegt þegar fólk er talið vanhæft til þess að greiða af eigin fasteign en er svo í raunveruleikanum að borga hærri húsaleigu. Lánakjör og vextir hér á landi hvetja svo sannarlega heldur ekki til fasteignakaupa. Við megum samt ekki gleyma því að sumir hafa einfaldlega ekki áhuga á að kaupa eigið húsnæði og leigumarkaðurinn er að verða sífellt erfiðari líka,“ segir Elva Hrönn Hjartardóttir.

Björn Traustason framkvæmdastjóri Bjargs - íbúðafélags

# Vandað og hentugt leiguhúsnæði á hagstæðu verði

Þegar ASÍ fagnaði 100 ára afmæli í fyrra ákvað sambandið að gefa þjóðinni afmælisgjöf sem munað yrði eftir. Til varð Bjarg – íbúðafélag með fulltingi BSRB en tilgangur félagsins er að bjóða tekjulægri fjölskyldum og einstaklingum öruggt húsnæði til leigu á hagstæðum kjörum. Stofnun Bjargs - íbúðafélags er viðbragð verkalýðshreyfingarinnar við þeim hremmingum sem þjóðin er komin í í húsnæðismálum. Eða eins og Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ sagði í afmælisávarpi sínu 12. mars 2016: „Ef við gerum þetta ekki, þá er hættan að enginn geri það.“

Bjarg - íbúðafélag hefur nú tekið til starfa og undirbúningur að hönnun og byggingu fjölbýlishúsa er kominn á fullt skrið en til stendur að félagið byggji 1200 íbúðir víðsvegar um land á næstu árum. Framkvæmdastjóri félagsins er Björn Traustason rekstrarhagfræðingur.

Hvert er fyrirmyndin að þessu stóra verkefni sótt?

„Félagið er NFP (Not-For-Profit) leigufélag rekið án hagnaðarmarkmiða og er fyrirmyndin sótt til Norðurlandanna, sérstaklega Danmerkur. Um er að ræða leigufélag sem veitir leigutökum langtíma húsnæðis-öryggi og því er hér kominn góður kostur fyrir fólk á leigumarkaði, eitthvað sem hefur sárlega vantað á Íslandi,“ segir Björn.

Hvað er einkum haft í huga við hönnun íbúðanna?

„Leiðarljós verkefnisins er að byggja hagkvæmar og vel hannaðar íbúðir sem við getum boðið á góðu leiguverði. Viðmiðunarstærðir eru 45 fm 2ja herbergja íbúðir, 70 fm 3ja herbergja, 85 fm 4ra herbergja og 100 fm 5 herbergja íbúðir.“

Í raun þarf að pakka plássfrekum gæðum nútíma lífnaðarháttá í minna rými þar sem gæði eru meira virði en stærð. Arkitektúrinn þarf þess vegna að vera sveigjanlegur og geta aðlagast breytingum auk þess sem hver fermetri þarf að nýtast sem best. Unnið verður með sveigjanleika, þ.e. að hægt sé að breyta innra skipulagi til að aðlagast fjölskyldumynstri á hverjum tíma.“

Hvernig náði þið byggingarkostnaði niður?

„Ríki og sveitafélög leggja verkefninu til 30% stofnframlag sem nýtist beint til lækkunar á leigu. Þá verður leitað leiða til að lágmarka byggingarkostnað en þar sem félagið starfar án hagnaðarmarkmiða þá njóta leigutakar alls hagræðis sem næst. Það þarf að huga að viðhaldsmálum og byggja vandað húsnæði sem þarf ekki mikið viðhald. Þá hafa ytri aðstæður áhrif á byggingarkostnað eins og kröfur skipulags um húsaerðir og bílastæði neðanjarðar. Við erum að vinna með sveitarfélögum að sveigjanleika með það að leiðarljósi að lækka byggingarkostnaðinn.“



“ Leiðarljós verkefnisins er að byggja hagkvæmar og vel hannaðar íbúðir sem við getum boðið á góðu leiguverði. Viðmiðunarstærðir eru 45 fm 2ja herbergja íbúðir, 70 fm 3ja herbergja, 85 fm 4ra herbergja og 100 fm 5 herbergja íbúðir. “

## Leiguverðið?

„Leiguverð getur verið mismunandi milli staða. Samkvæmt lögum um Almennar íbúðir er sett þak á tekjur leigutaka en miðað er við að greiðslubyrði leigu fari ekki yfir 25% af heildartekjum leigjanda að teknu tilliti til húsnæðisbóta. Vonir okkar standa til þess að leiguverð á fermetra fari ekki mikið yfir 2000 kr. Svo koma húsnæðisbætur til frádráttar.“

## Hvar verða fyrstu íbúðirnar?

„Í fyrsta áfanga eru 150 íbúðir í Spönginni Grafarvogji, Úlfarsárdal, Skarðshlíð Hafnarfirði og Kirkjusandi. Gert er ráð fyrir að félagið muni byggja 250-300 íbúðir á ári fyrstu árin.“

## Hvar er þörfin mest á landsbyggðinni?

„Bjarg starfar á landsvísu og er tilbúið að starfa með þeim sveitarfélögum sem óska. Við erum m.a. að láta hanna hús sem gætu hentað vel í minni sveitarfélögum og munum kynna það verkefni fljótlega. Íbúðalánasjóður hefur fengið það hlutverk að leiða vinnu við greiningar á þörfinni í samstarfi við þau sveitarfélög sem þess óska.“

## Hverjir geta sótt um?

„Opnað verður fyrir umsóknir um næstu áramót og þá verður það vel auglýst. Við úthlutun íbúða mun að jafnaði farið eftir því hversu lengi umsækjandi hefur verið á biðlista eftir íbúð. Einnig verður tekið tillit til fjölskyldustærðar og félagslegra aðstæðna með það að markmiði að stuðla að fjölbreyttri samsetningu íbúa. Sótt verður um á vef félagsins [www.bjargibudafelag.is](http://www.bjargibudafelag.is)

Þau tekjumörk sem lög um almennar íbúðir kveða á um eru:

- 4.749.000 kr. fyrir einstakling.
- 6.649.000 kr. fyrir hjón og sambúðarfolk.
- 1.187.000 kr. fyrir hvert barn eða ungmenni að 20 ára aldri sem býr á heimilinu.
- Heildareign skal ekki nema hærri fjárhæð en 5.126.000 kr.


Ráðuneytið mun endurmeta þessi tekjumörk árlega.“

Hvað ef tekjur fjölskyldu sem leigir hjá Bjargi -íbúðafélagi aukast og fara yfir þau mörk sem gefin eru. Er leigusamningi við fjölskylduna þá sagt upp?

„Hafi leigjandi verið yfir tekju- og eignamörkum í þrjú almanaksár er lagt álag á leigu sem mun þó aldrei vera hærri en svo að leigugreiðslur verði hærri en 25% af tekjum leigjanda.“

## Hvenær verða fyrstu íbúðirnar tilbúnar til útleigu?

„Gert er ráð fyrir að fyrstu íbúðir félagsins verði tilbúnar um áramót 2018/2019. Íbúðum í útleigu mun þá fjölga hratt en gera má ráð fyrir að það bætist að meðaltali eitt fjölbýlishús í leigu í hverjum mánuði á árunum 2019-2022,“ segir Björn Traustason framkvæmdastjóri Bjargs – íbúðafélags.



Björn Traustason framkvæmdastjóri  
Bjargs - íbúðafélags á Kirkjusandi  
þar sem félagið mun m.a. reisa fjölbýlishús.

Arnar Eggert Thoroddsen skrifar um verkalyðsbaráttu í breskri „eighties“ tónlist

# Sungið til hins vinnandi manns ...

*I kept the faith and I kept voting /Not for the iron fist but for the helping hand*

-Billy Bragg, „Between the Wars“, 1985

Ég trúði enn og áfram kaus ég/en hina líknandi hönd fram yfir hnefa járn. Einhvern veginn svona væri hægt að snúa þessum línun enska þjóðlaga- og dægurlagasöngvarans Billy Bragg sem er að finna í hinu magnaða lagi *Between the Wars*, lag sem hann flutti í hinum vinsæla þætti Top of the Pops án þess að styðjast við hið svokallaða *mime* sem var hinn almenni háttur fram að því. Sterk og strípuð framkoma Bragg vakti verðskuldaða athygli, ákveðinn stóð hann bak við hljóðnema, alvarlegur í bragði enda full ástæða til. Lagið var samið undir áhrifum af kolanámuverfallinu sem var þá yfirstandandi en Bragg var ekki einn poppara um taka harða, opinbera afstöðu með verkalyðnum á þessum tíma. Segja má að meðvitund varðandi þau mál og bein sem óbein afskipti poppara þar í landi hafi aldrei verið jafn mikil og áberandi, fyrr eða síðar.

## Ómannúðleg hægrí stefna Thatchers varð sameiginlegur skotspónn

Jafn ólíkar sveitir og listamenn og Paul Weller, Fine Young Cannibals og Jimmy Sommerville skrifuðu beinskeytta, rammpólitíska texta og settu einatt grípandi melódíu við og fóru með lögin hátt upp í rjáfur vinsældalista. En það að popptónlistarmenn færu að úttala sig um pólitík átti sér eðlilega forsögu. Pönkbyltingin sem átti sér stað rétt eftir miðbik áttunda áratugarins var uppfull af reiði, vonleysi og þreytu út í grátt og guggið kerfið en sú orka var lítt fókuseruð, mest var þetta hreinn en ástríðufullur pirringur út í allt og ekkert. Ungt fólk sem búið var að fá nóg af þeirri stöðnun sem það fann óhjákvæmilega fyrir. Þegar Margaret Thatcher komst til valda árið 1979 var fókusinn hins vegar fundinn. Hér var komin fram persóna sem sannarlega stóð að alls kyns umbyltingum sem enn eru að hafa áhrif í bresku samfélagi. Reiðin hafði nú eignast skotspón og aðgerðir Thatcher voru tilfínanlegar. Hún hófst handa við að leysa upp verkalyðsfélög og brjóta niður bresk iðnfyrirtæki sem leiddi til atvinnuleysis um allt land. Þessari grjóthörðu – og ómannúðlegu – hægristefnu var fyrst mætt í popplendum af dásemdarsveitinni The Specials með laginu *Ghost Town* árið 1981, meistarsmið sem setti það sem var að gerast í næstum því skelfilegt samhengi: *This town, is coming like a ghost town/All the clubs have been closed down*.

## Rauði fleygurinn – samtök róttækra hljómsveita

The Specials voru hluti af ska-senunni svokölluðu sem tengdist inn í pönkið. Það var því eitthvað eðlilegt við þessi viðbrögð fannst manni. Það var hins vegar öllu óeðlilegra, nú þegar maður horfir til baka, að nokkrum árum síðar hafi landar þeirra sem léku mun aðgengilegri tónlist – voru m.ö.o. popparar – fundið hjá sér ríka þörf til að bregðast



Arnar Eggert Thoroddsen

við því hörmungarástandi sem England var sannanlega í. Segir kannski mikið um hversu alvarlegt ástandið var í raun. Þessi þróun náði ákveðnum hápunkti árið 1985 en þá stofnuðu nokkrir þeirra með sér samtökin Rauða fleyginn eða Red Wedge. Billy Bragg var í stafni hópsins ásamt Paul Weller sem þá leiddi The Style Council og Jimmy Sommerville, fyrrum Bronski Beat-lim sem var nú meðlimur í The Communards. Nafnið er bein vísun í Parísarkommúnuna 1871. Pólitískt popp með stóru P-i. Hópurinn studdi breska Verkamannaflokkinn og ásetningurinn var meðal annars að reyna að virkja ungt fólk inn á kjörstað með það að markmiði að koma Thatcher frá völdum en kosningar voru í kortunum árið 1987. Rauðu fleygarnir ferðuðust um Bretland í ársbyrjun 1986 og þeir sem komu við sögu, ásamt þeim sem taldir voru upp, voru m.a. Jerry Dammers, Madness, The The, Heaven 17, Bananarama, Prefab Sprout, Elvis Costello, Tom Robinson, Sade, The Beat, Lloyd Cole, The Blow Monkeys og The Smiths. Íhaldsflokkurinn hafði síðan sigur árið 1987 og við það var móðurinn úr okkar mönnum og Fleygnum var formlega lagt árið 1990.

## Style Council, Fine Young Cannibals og The the

Þessi sérstaka, pólitíska poppbylgja náði hæstu hæðum c.a. á árabílinu 1984–1986 eins og áður segir. Það er gaman að líta á nokkur textabrot til að glöggva sig betur á því hvernig tónlistarmennirnir lögðu þetta fram. Paul Weller var t.d. ekkert að skafa utan af því í laginu *Walls Come Tumbling Down* með Style Council. Þar segir einfaldlega: *Governments crack and systems fall/Cause Unity is powerful/Lights go out walls come tumbling down!* Fine Young Cannibals með hinn sjarmerandi Roland Gift í broddi fylkingar fóru meira inn á persónulega kostnaðinn af þessu öllu saman í hinu frábæra *Blue*: *Government has done me wrong, I'm*





Style Council

// Þessi þróun náði ákveðnum hápunkti árið 1985 en þá stofnuðu nokkrir þeirra með sér samtökin Rauða fleyginn eða Red Wedge. Billy Bragg var í stafni hópsins ásamt Paul Weller sem þá leiddi The Style Council og Jimmy Sommerville. //



Sade



Fine Young Cannibals

*mad about that/And it makes me feel like I don't belong, I'm mad about that/It's making life a misery, you wouldn't have taken the liberty.* Eitt allra sterkasta innslagið kom þó frá Matt Johnson og The The í hinu magnaða *Heartland: This is the land where nothing changes/The land of red buses and blue blooded babies /This is the place, where pensioners are raped/And the hearts are being cut from the welfare state.*



The Smiths

### Yfirvaldinu sýnt í tvo heimana með tónlist

Fleiri sveitir áttu eftirminnilega spretti, fyrsta plata Easterhouse, Contenders (1986) var eins og eitt langt kommúnískt heróp undir klingjandi nýbylgiugitum og Housemartins frá Hull voru að sama skapi með ræturnar kirfilega í verkalýðsbundnum veruleika. Risar hins enska neðanjarðarrokkis á þessum tíma, The Smiths, fóru ekki varhluta af þessu heldur og Morrissey orti í *Still Ill: I decree today that life is simply taking and not giving/England is mine, it owes me a living.* Ómur þessa og afstaða barst meira að segja alla leiðina norður í Skotland en þessi hjálenda breska konungsveldisins hafði farið verulega illa út úr viðskiptum sínum við Thatcher og hefur ekki enn gróið um heilt. Árið 1990 voru haldnir stórtónleikar í Glasgow til að mótmæla hinum gríðarlega óvinsæla nefskatti Thatcher, skattur sem átti eftir að flyta fyrir stjórnræðislegum yfirráðum Íhaldsflokksins. Deacon Blue, Wet Wet Wet, Hue And Cry, Texas, Big Country og fleiri skoskar sveitir komu saman og sungu Thatcher niður, gáfu henni „langt nef“ ef svo mætti segja. Í borginni þar sem rigndi niður á *all those tired eyes and tears and frowns,“ eins og segir í lagi Deacon Blue, Raintown, var yfirvaldinu sýnt í tvo heimana með tónlist, söng, gleði og samstöðu. Bono sagði, með tungu upp við tönn, að hann tryði því ekki að rokkið gætti breytt heiminum (í God Part II) en það er ekki rétt hjá honum. Og ég veit að hann, af öllum mönnum, er sammála mér. Með samtakamætti er allt hægt.*



The Specials

Halldór Grönvold aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ

# Keðjuábyrgð – mikilvægt skref í rétta átt



**Alþýðusamband Íslands hefur á síðustu árum lagt mikla og vaxandi áherslu á að hér á landi verði tekin upp keðjuábyrgð (samábyrgð) á vinnumarkaði. Að mati samtakanna er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir launafólk, auk þess sem keðjuábyrgð á að skapa heilbrigðari vinnumarkað sem gagnast öllu starfsfólki og heiðarlegum fyrirtækjum.**

Í byrjun árs náðu ASÍ og Samtök atvinnulífsins samkomulagi um keðjuábyrgð í byggingariðnaði og mannvirkjagerð sem nú á að leiða í lög. Hér er um mikilvægt skref að ræða en markmið ASÍ er að keðjuábyrgð verði almennt viðurkennd sem hluti af íslenskum vinnumarkaði.

## Hvað er keðjuábyrgð?

Við stærri verklegar framkvæmdir er oft um að ræða margar og langar keðjur verktaka, undirverktaka og starfsmannaleiga. Taka má sem dæmi að aðalverktaki ráði einn undirverktaka vegna jarðvinnu og annan til að steypa upp byggingu og sjá um raf- og pípulagnir. Sá undirverktaki ræður síðan undirverktaka til að sjá um rafmagnið og annan vegna pípu-lagnanna. Sá ræður síðan starfsmenn frá starfsmannaleigu til að aðstoða sig við verkið. Í þessu dæmi er síðan ótalið það sem snýr að loftræstikerfi, múrverki, málningu og frágangi á lóð. Það er með framangreint í huga sem hugtakið keðjuábyrgð er komið, þ.e. að líta má á hvert fyrirtæki

sem einn hlekk í keðjunni. Verkkaupi eða aðalverktaki sem semur við undirverktaka og/eða starfsmannaleigu ber ábyrgð á að starfsmenn þessara fyrirtækja fá greidd laun og njóti þeirra starfskjara sem þeim ber. Það þýðir að standi undirverktakinn eða starfsmannaleigan ekki skil á sínu gagnvart starfsmönnum geta þeir krafist þess að aðalverktakinn eða verkkaupinn greiði launin.

## Keðjuábyrgð þekkt víða

Keðjuábyrgð á vinnumarkaði er vel þekkt víða í Evrópu, þótt hún sé útfærð og framkvæmd með nokkuð mismunandi hætti. Alþýðusambandið hefur í sinni vinnu einkum horft til Noregs. Ástæðan er einföld. Þar í landi er komin mikil og góð reynsla af keðjuábyrgðinni, einkum í byggingariðnaði og við mannvirkjagerð. Þar skiptir tvennt mestu máli. Reynsla Norðmanna sýnir að fyrirtæki sem bera slíka ábyrgð vanda sig mun betur en áður þegar kemur að því að semja við undirverktaka og starfsmannaleigur. Þau vita að ef samið er við fyrirtæki sem brjóta á starfsmönnum sínum, greiða ekki laun og önnur starfskjör í samræmi við það sem þeim ber, þá mun kostnaðurinn og allt sem honum fylgir lenda á þeim sjálfum. Og starfsmennirnir fá sitt.

## Keðjuábyrgð í lög

Á næstu vikum verður stigið fyrsta skrefið í að taka upp keðjuábyrgð hér á landi. Samkvæmt lagafrumvarpi sem nú liggur fyrir Alþingi er gert ráð fyrir að keðjuábyrgðin nái til að byrja með til verklegra framkvæmda. Þeir sem njóta ábyrgðarinnar eru starfsmenn erlendra verktakafyrirtækja og starfsmannaleiga og nær ábyrgðin til launa og annarra starfskjara samkvæmt íslenskum kjarasamningum í starfsgreininni. Verði vanhöld á því að starfsmaður fái greidd rétt laun, þ.m.t. yfirvinnu og aðrar álagsgreiðslur og laun í veikindum og slysum, getur hann gert kröfur á aðalverktakann/verkkaupann (ábyrgðarfyrirtækið) að hann greiði honum launin. Skiptir þá engu máli hvar það fyrirtæki sem starfsmaðurinn vinnur hjá er statt í keðjunni.



## Ekki staðar numið

Af hálfu Alþýðusambandsins er lögð áhersla á að hér er aðeins um fyrsta skrefið að ræða við að innleiða keðjuábyrgð á íslenskum vinnumarkaði. Hvoru tveggja er að það takmarkast við byggingariðnaðinn og mannvirkjagerðina og við starfsmenn erlendra verktakafyrirtækja og starfsmannaleiga. Um leið er þess vænst að innlend fyrirtæki í þessari atvinnugrein vandi sig betur en áður og semji ekki við önnur fyrirtæki en þau sem treysta má til að virða rétt starfsmanna sinna. Þá er ljóst að miklu skiptir að ábyrgðinni verði fylgt eftir af festu. Þar mun reyna á stéttarfélagin að þau upplýsi það launafólk sem ábyrgðarinnar nýtur um réttindi sín og aðstoði það við að nota hann ef þörf krefur. Lokamarkmiðið er að keðjuábyrgð verði að almennri reglu á íslenskum vinnumarkaði. Þannig að allt launafólk geti notið þeirrar verndar sem í henni felst.



Halldór Grönvold

**Reynsla Norðmanna sýnir að fyrirtæki sem bera slíka ábyrgð vanda sig mun betur en áður þegar kemur að því að semja við undirverktaka og starfsmannaleigur.**



**fánar**  
fyrirtækjafánar • hátíðarfánar  
þjóðfánar • borðfánar • bannerar

**MERKIS MENN**  
UMHVERFISMERKINGAN  
SKILTAGERO

Árúla 36 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2030

Ingunn Snædal rithöfundur spekúlarar í 1. maí

# Til hvers erum við að þessu?



Það var ekki haldið upp á 1. maí í sveitinni minni þegar ég var að alast þar upp og er ekki gert enn. Hverjum hefði dottið það í hug í vorbyrjun, um hábjargræðistímann, að leggja niður störf til að fara í kröfugöngur og hlusta á ræður? Og sauðburður að hefjast! Ég held raunar að það hafi kannski ekki verið um neinar slíkar göngur að ræða fyrir austan á þessum degi. Þó má vera að það sé ekki rétt hjá mér.

Það skýtur dálítið skökku við að bændur skuli ekki fara í kröfugöngu á 1. maí. Þeir eru þó verkamenn í fallegustu merkingu þess orðs. Ganga til verka. Kunna til verka. Og flestir eru þeir neðarlega í tekjustiganum, að verkamanna sið. Þeir ættu að fjölmenna í kröfugöngur þennan dag og krefjast betri kjara, hærra verðs fyrir vörur sínar – eða í öllu falli þess að hærra hlutfall af verðinu renni til þeirra sjálfra í stað þess að hverfa í hit einhverra kjammafeitra milliliða sem arðræna þá miskunnarlaust.


## Fyrsti maí í Prag

Fyrsta 1. maígangan mín var í Prag í Tékklandi ef ég man rétt. Það var vor í lofti, eiginlega sumar ef við hefðum verið á Íslandi. Tékkar fagna ekki eingöngu fyrir hönd verkalýðsins á þessum degi heldur er þetta líka dagur

ástarinnar, dagurinn sem stúlkur skulu kysstar undir kirsuberjatrjám og elskendur mætast. Við kysstumst þó eitthvað lítið þennan dag en fórum í verkalýðsgöngu sem var tiltölulega lágstemmd og fólkið frekar glaðbeitt í sólinni, þar til að allt í einu að órói komst á mannskapinn eins og alda sem breiddi úr sér frá fararbroddi göngunnar og aftur hana alla, einhver ókyrrð og fólk hækkaði róminn, við skildum ekki orð og vissum ekki neitt en heyrðum þungan trommuslátt og skerandi flaut.

Á endanum var gangan farin að hálfleysast upp og við ákváðum að stinga af inn á nálægt kaffihús. Fórum skuggsælar hliðargötur og sáum út á sólríkt aðalstrætið þar sem heill her af brynvörðum lögreglumönnum á hestum og með skildi, hjálma, barefli og guðeinneivthvaðfleira tók á móti göngufólkinu. Eða það héldum við. Vorum bara skilningslitlir útlendingar og drukkum kaffi og fréttum síðar að þessi lögregluviðbúnaður hefði verið vegna samkomu hjá nýnasistum sem virtust til alls líklegir. Þeir ætluðu líka að gera daginn að sínum, vekja athygli á sínum málstað, eða kannski bara að eyðileggja fyrir öðrum, hvað veit ég?

Ég hef líka verið í Indlandi þann 1. maí. Talandi um verkafólk og réttindi. Horft á litlu stúlkurnar burðast um með greinaknippi sem eru tvöfalt



/// Ég horfi á rjóðar kinnar hennar og stór augun og ég finn að ég vil berjast fyrir betra og réttlátara samfélagi fyrir hana. Ég vil að hún fái sömu laun fyrir sömu vinnu og frændur hennar. ///

stærri en þær á höfðinu, eða grjótböggla á bakinu, horft á handa- og fótalaus börn betla á götunum. Í þorpunum elta hópar af krökkum vest-ræna ferðamanninn og hrópa, ég fer í smápanik af því að ég veit ekki hvað þau vilja en uppgötva eftir að hafa talað við eitt barnið að þau eru að biðja um penna. Til að geta skrifað. Penna. Ferðamenn eru alltaf með penna. Þau langar að geta skrifað.

Í hurðarlausum bílskúrum sitja fáklæddir menn kengbognir yfir glóandi eldi við smíðar, þeir eru magrir, berfættir og örum settir, svitinn bogar af þeim. Ég þykist heldur ekki skilja þetta þjóðfélag en sem manneskju rennur mér til rifja eymdin sem margir búa við. Finnst eins og við Íslendingar séum pattaralegar dekurrofur og forréttindadrasl sem heimtum bara og heimtum og séum aldrei ánægð með neitt.

### Dagurinn áminning um það sem við getum gert betur

Þetta snýst allt um eitthvert samhengi. Stundum þyrmir yfir mig af því að heimurinn er svo stór, málin svo stór, þau virðast óleysanleg, fólk á víða svo bággt, en fólk er líka svo gott.

Þann 1. maí 2001 stend ég niðri á Ingólfstorgi í snjókomu og frosti með árgamla dóttur mína dúðaða í fanginu og hlusta á ræður. Ég horfi á rjóðar kinnar hennar og stór augun og ég finn að ég vil berjast fyrir betra og réttlátara samfélagi fyrir hana. Ég vil að hún fái sömu laun fyrir sömu vinnu og frændur hennar, ég vil að hún þurfi ekki að draga fram lífið á lágmarkslaunum hálfra ævina. Það er bara svo hroðalega kalt að ég endist ekki til að hlusta á ræðurnar.

Fimmtán árum síðar hætti ég störfum sem kennari í grunnskóla, ég get ekki séð fyrir mér og einu barni á laununum sem eru í boði fyrir það. Allt í kringum mig eru grunnstoðirnar að hrynja og fáfrótt fólk farið að takmarka möguleika okkar, almenningsins í landinu á heilbrigðisþjónustu, á menntun, á góðu og mannsæmandi lífi. Og stela bönkum. Ég tala við vini mína sem eru margir farnir að horfa til annarra landa því að yfirdrátturinn vex bara og vex, hér er ekki hægt að lifa og ég örvænti á köflum yfir því hvert við stefnum, það er stundum mjög erfitt að muna að fólk er í eðli sínu gott.

Þessi dagur er eilíf áminning um allt sem við erum ekki búin að ná, allt sem við viljum enn gera betur. Á Íslandi 21. aldarinnar ættu allir þegar að geta lifað með reisn og liðið eftir atvikum vel. Annað er hreinlega ekki boðlegt.

**.IS**  
 skráðu þitt **.is** lén  
**www.isnic.is**  
 ISNIC | Internet á Íslandi hf. | s. 578 2030 | www.isnic.is



Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri ASÍ

# Óhrædd að takast á við krefjandi verkefni



## Kennari í framhaldsskóla og bæjarstjóri í Hafnarfirði eru störfín sem Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir gegndi áður en hún settist í stól framkvæmda-stjóra ASÍ 1. maí 2015. Það eru því nákvæmlega tvö ár síðan hún gekk til liðs við Alþýðusambandið og því komin með góða innsýn í starf verkalyðshreyfingarinnar á Íslandi. En hvers vegna valdi Guðrún Ágústa þennan starfsvettvang?

„Mér finnst þessi vettvangur heillandi og mikil forréttindi að fá að vinna fyrir samtök eins og Alþýðusambandið. Þar er saman komin alveg ótrúlega öflugur mannaúður bæði í forystufólki aðildarfélaganna ASÍ og ekki síður í starfsfólkinu okkar á skrifstofu Alþýðusambandsins. Það er líka góð tilfinning að vinna með fólki sem er óþreytandi við að finna leiðir til bæta aðstæður og kjör fólks,“ segir hún.

### ASÍ berst fyrir betra samfélagi

Guðrún Ágústa segir ýmislegt hafa komið sér á óvart í starfinu en mest hvað margir vita lítið um verkalyðsfélög og hlutverk þeirra. „Þegar kemur að því að berjast fyrir bættum hag, velferð og réttindum þá er verkalyðshreyfingin og Alþýðusambandið alltaf til staðar. Sumarfrí, fæðingarorlof, veikindaréttur, lífeyrisréttindi, bann við mismunun, húsnæðisstefna og öruggt húsnæði fyrir alla. Verkalyðshreyfingin hefur komið að öllum þessum baráttumálum og svo miklu fleiru sem við teljum sjálfsagða hluti í dag. Ástæðan er kannski ekki síst sú að forysta Alþýðusambandsins og starfsfólkið okkar er mun uppteknara af því að vinna að bættum kjörum og réttindum en að grobba sig af sigrunum,“ bendir hún á.

Guðrún Ágústa bendir einnig á að stéttarfélög eru mikilvæg trygging þegar eitthvað bjátar á. Aðild að stéttarfélagi er í raun nokkurskonar trygging fyrir fólk á vinnumarkaði. „Stéttarfélögin okkar eru reyndar meira en bara það – hér á landi hefur tekist að skapa þá umgjörð að stéttarfélög hafa fjölþætt hlutverk, bæði með beinni þjónustu sem skiptir máli þegar eitthvað alvarlegt kemur uppá en líka þegar við ætlum að njóta ánægjulegs tíma. Leiga á orlofshúsum eru t.d. oft það fyrsta sem fólk dettur í hug þegar það er spurt um það hvaða hlutverk stéttarfélagið þeirra gegni.“

### Húsnæðismálin hafa lengi verið okkur hugleikin

Það efaðist enginn um mikilvægi verkalyðshreyfingarinnar í réttinda-baráttu vinnandi fólks á fyrri hluta síðustu aldar. En telur Guðrún Ágústa

baráttuna skipta eins miklu máli í dag? „Algjörlega! Skýrasta dæmið í dag er aðkoma verkalyðshreyfingarinnar að breyttum áherslum í húsnæðismálum. Forysta Alþýðusambandsins hefur reynt að vinna með stjórnvöldum í þeim málaflökki alveg frá því um síðustu aldamót. Bent á mikilvægi þess að sett verði húsnæðisstefna og að nauðsynlegt væri að stjórnvöld kæmu með beinum hætti að því að hér yrði til heilbrigður og sveigjanlegur húsnæðismarkaður. Alþýðusambandið lagði síðan fram heildstæða stefnu í húsnæðismálum í febrúar 2013 og vann hörðum höndum að því að fá stjórnvöld í lið með sér. Verkalyðshreyfingin á Íslandi er óhrædd við að takast á við erfið og krefjandi verkefni sem skipta máli fyrir félaganna okkar.“

### Grundvallar baráttumálin alltaf þau sömu

Áskoranir verkalyðshreyfingarinnar hafa alltaf verið þær sömu; að berjast fyrir bættum kjörum og réttindum launafólks. „Við erum ennþá að berjast fyrir því að fólk fái mannsæmandi laun, vinnutími sé virtur og aðbúnaður sé í lagi. Í dag er það ekki síst ungt fólk og útlendingar sem hingað koma til að vinna, sem verða fyrir því að brotið er á þeim. Í breyttum heimi þar sem vinnuaflíð er enn hreyfanlegra en það hefur nokkurn tíma verið, tækniþróunin örari og vinnumarkaðurinn flóknari, þá skiptir öllu máli að verkalyðshreyfingin sé sterk. Geti varið þau réttindi sem þegar hafa áunnist og barist fyrir réttindum þeirra sem brotið er á. Barátta og tilvist verkalyðshreyfingarinnar er því jafn mikilvæg í dag og fyrir hundrað og einu ári, þegar Alþýðusambandið var stofnað. Baráttunni lýkur aldrei!“

**“ Í breyttum heimi þar sem vinnuaflíð er enn hreyfanlegra en það hefur nokkurn tíma verið, tækniþróunin örari og vinnumarkaðurinn flóknari, þá skiptir öllu máli að verkalyðshreyfingin sé sterk. ”**

# 1. MAÍ

Félagsmenn Eflingar, samstaða er okkar styrkur.  
Mætum í kröfugönguna 1. maí.  
Kaffi í Valsheimilínu eftir útifundinn.  
Efling-stéttarfélag





# ASÍ þakkar eftirtöldum aðilum stuðning

 Til góðra verka	 Akureyri ÖLL LÍFSINS G.ÖÐI	 Alcoa	 ALDAN STÉTTARFÉLAG	 arna	 Bandalag háskólamianna	 BÁRAN STÉTTARFÉLAG STOFNAB 23. JÚNÍ 2002
 BIRTA LÍFEYRISJÓÐUR	 BÍLJÖFUR	 BÓNUS	 BRIM SEAFOOD	 BFS BRÚ - FÉLAG STJÓRNENDA	 BYGGIDN Félag byggingamanna	 EINING-ÍBÚÐIR www.eib.is
 FÉLAG ATVINNULEKENINNA	 FÉLAG HÁRSNYRTISVEINA	 FIT FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA www.fit.is	 FVSA	 FÉLAGSBÚSTAFIR HF.	 FISK KAUP HF	 FISK SEAFOOD
 Fjallabyggð	 FFI	 FÉLUGA SVEPPIR	 Frumherji	 GILDI	 Góa Stofnab 1968	 Stéttarfélag í prent- og miðlagnigreinum GRAFÍA
 GRINDAVÍKURBÆR	 HAFNARFJARÐARHÖFN	 HÁPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS væntlegast til vinnings	 HB GRANDI	 HELUSTOFNUN NLFI LÍFEYRISJÓÐUR	 Heimsferðir	 HÉÐINN
 DÁS HRAFNISTA	 ICELANDAIR CARGO	 ÍÐAN fréðslusetur	 IGS GROUND SERVICES	 inter Medica.	 KB	 KFC
 KJARAN GÓLFENI OG SKRIFSTOFUÆKI	 Kjörís	 Kópavogsbær	 LL	 LANDSSAMBAND SLÖKKVILDIS OG SVÁRFARLUÐNINGAMANNA	 LANDSSAMTÖK LÍFEYRISJÓÐA	 Landsvirkjun
 LA LAUNAFLI	 MATVÍS	 mila Lífæð samskipta	 MÖSFELLSBAKARI	 MÚRARAMEISTARFÉLAG REYKJAVÍKUR 18. MAÍ 1913	 NI	 NÝSKÖPUNARSJÓÐUR
 olis	 OR Orkuveita Reykjavíkur	 RAFÍÐNADARSKÓLINN	 RAFTAKN VERKFRÆÐISTORA www.raftakn.is	 RÆKTUNARSAMBAND FLÓA OG SKEIÐA	 Samfylkingin	 Samiön SAMRÁÐSSTOFNAN
 SAMSKIP	 SI Samtök iðnaðarins	 Svein	 SEL Set ehf • Rörverksmiðja • Selfossi	 SVN	 SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS	 Starfsgræinasamband Íslands
 STEINULL HF	 STEYPUSTÖÐIN	 Stéttarfélag Vesturlands Stofnab 2011 • Stofnab 2011	 STÉTTARFÉLAGIÐ Samstaða STOFNAB 23. JÚNÍ 1987	 sæplast	 TAPA	 UMSLAG
 Útfararþjónustan	 VERKALÝÐS- OG SJÓMANNAFLÉLAG KEFLAVÍKUR OG NÁGRENNIS	 Vaf	 VVS Verkalýðsfélag Snæfellinga	 VÍF Suðurlands	 VERK VEST	 STOFNAB 1907 VLF VERKALÝÐSFLÉLAG HLF
 VERSLUNARMANNAFÉLAG SUÐURNESJA	 VÍSIR	 VM Félag vélþjóra og miðlagnisgjafna	 VÖRÐUR FÉLAG STJÓRNENDA A SUÐURLANDS	 VERKTAKAR ehf. Málarú 8-10 • 100 Kópavogur Sími 471 1170 / 800 5270 / Fæk 471 1150 Netfang: verktakar@verktakar.is	 ÞORBJÖRN Hafnarögðu 12 • 240 Grindavík	 ÖBÍ



Yfirskrift 1. maí 2017

# Húsnæðisöryggi - sjálfsögð mannréttindi



VINNAN



Eitt af þeim málum sem gengur sem rauður þráður í gegnum sögu verkalyðsbaráttu á Íslandi í 100 ár er krafan um mannsæmandi húsnæði á sanngjörnum kjörum. Þetta verkefni hefur komið til okkar í verkalyðshreyfingunni af fullum þunga með reglulegu millibili í heila öld. Og það hrópar enn í dag. Í árdaga verkalyðsbaráttunnar og lengi framan af síðustu öld var það lélegt húsnæði og viðvarandi húsnæðisskortur sem voru vandamálin. Í dag er það húsnæðisskortur og hátt verð bæði til kaups og leigu sem gerir það að verkum að stórir hópar fólks eru í miklum vanda og sumir komast hreinlega ekki inn á húsnæðismarkaðinn. Er þar fyrst og fremst um að ræða ungt fólk og tekjulága einstaklinga. Ástandið er grafalvarlegt og það mun ekki lagast nema að ráðist verði hratt og af festu í uppbyggingu á miklum fjölda hagkvæmra íbúða.

Það var af þessari ástæðu sem ASÍ og BSRB réðust í stofnun Bjargs – íbúðafélags á 100 ára afmæli ASÍ í fyrra. Það var af þessari ástæðu sem aðildarfélög ASÍ settu uppbyggingu félagslegs leiguhúsnæðis inn í kjarasamningana 2015 þannig að ríkið komi með fjármagn fyrir 600 íbúðum á ári næstu árin. Það þarf einfaldlega að lyfta grettistaki til að þjóðin komist út úr þeim ógöngum sem hún hefur ratað í í húsnæðismálum. Við Íslendingar viljum byggja upp réttlátt samfélag þar sem gott og öruggt húsnæði þykir sjálfsögð mannréttindi – ekki forréttindi.





# ASÍ þakkar eftirtöldum aðilum stuðning

## Reykjavík

Auglýsingastofan ENNEMM  
Skeifunni 10  
Blaðamannafélag Íslands  
Síðumúla 23  
Blikksmiðja Reykjavíkur  
Súðarvogi 7  
Blikksmiðjan Glófaxi hf.  
Ármúla 42  
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf.  
Borgartúni 31  
Eignamiðlunin ehf.  
Grensásvegi 11  
Eimskip Ísland ehf.  
Korngröðum 2  
Ernst & Young ehf.  
Borgartúni 30  
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands  
Grensásvegi 13  
Faxaflóahafnir sf.  
Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17  
Félag leiðsögumanna  
Stórhöfða 27  
Flúgger ehf.  
Stórhöfða 44  
Gjögur hf.  
Kringlunni 7  
Globus hf.  
Skútuvogi 1f  
Gray Line – Allrahanda ehf.  
Klettagördum 4  
Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili  
Hringbraut 50  
Hagvangur ehf.  
Skógarhlíð 12  
Hamborgarabúlla Tómasar  
Geirsgötu 1  
Handþrjónasamband Íslands svf.  
Skólavörðustíg 19  
Hjúkrunarheimilið Skjól  
Kleppsvegi 64  
Hópfærðabílar  
Snælands Grímssonar ehf.  
Langholtsvegi 109  
Hótel Leifur Eiríksson ehf.  
Skólavörðustíg 45  
Íslenskir aðalverktakar hf.  
Höfðabakka 9  
Kortáþjónustan hf.  
Kletthálsi 1  
Lagnalagerinn ehf.  
Fosshálsi 27  
Mjólkurfræðingafélag Íslands  
Stórhöfða 31  
Nýi ölkuskólinn ehf.  
Klettagördum 11  
Óliudreifing ehf.  
Hólmaslóð 8  
Póstmannafélag Íslands  
Grettisgötu 89  
Pósturinn  
Stórhöfða 29  
PricewaterhouseCoopers ehf.  
Skógarhlíð 12  
Reykjagarður hf.  
Fosshálsi 1  
Reykjavíkurborg  
Ráðhúsinu  
Skeljungur hf.  
Borgartúni 26  
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.  
Skógarhlíð 14  
SM kvótáþing ehf.  
Tryggvagötu 11  
Suzuki bílar hf.  
Skeifunni 17  
Verslunin Brynja ehf.  
Laugavegi 29

Vélar og skip ehf.  
Hólmaslóð 4

## Kópavogur

Frostmark ehf.  
Dalvegi 4  
Lyfja hf.  
Hlíðasmára 1  
Lyfjaval ehf.  
Hlíðasmára 2  
Pottagaldrar ehf.  
Laufbrekku 18  
Garðabær  
Garðabær  
Garðatorgi 7  
Ísafoldarprentsmiðja ehf.  
Suðurhrauni 1  
Loftorka ehf.  
Miðhrauni 10

## Hafnarfjörður

Hlaðbær-Colas hf. – malbikunarstöð  
Gullhelli 1  
Rafrún ehf.  
Gjótuhrauni 8  
Trésmiðjan okkar ehf.  
Lýngbergi 19a  
Umbúðamiðlun ehf.  
Fornubúðum 3  
Vélsmiðja Altak ehf.  
Drangahrauni 1

## Reykjanesbær

Skólar ehf.  
Flugvallarbraut 752

## Sandgerði

Verk- og tölvuþjónustan ehf.  
Holtsgötu 24  
Verkalýðs og sjómannaafélag  
Sandgerðis  
Tjarnargötu 8

## Grindavík

Einhamar Seafood ehf.  
Verbraut 3a  
Hópsnes ehf.  
Verbraut 3  
Verkalýðsfélag Grindavíkur  
Víkurbraut 46

## Mosfellsbær

Ísfugl ehf.  
Reykjavegi 36  
Nonni litli ehf.  
Þverholti 8

## Akranes

Apótek Vesturlands ehf.  
Smiðjuvöllum 32  
Spölnur ehf. – Hvalfjarðargöng  
Kirkjubraut 28

## Hellissandur

Snæfellsbær  
Klettsbúð 4

## Ólafsvík

Útgerðarfélagið Guðmundur ehf.  
Brautarholti 18

## Stykkishólmur

Þórsnes ehf.  
Reitavegi 14-16

## Búðardalur

Dalabyggð  
Miðbraut 11

## Reykhólahreppur

Þörungaverksmiðjan  
Reykhólum

## Patreksfjörður

Oddi hf. fiskvinnsla – útgerð  
Eyrargötu 1

## Bolungarvík

Endurskoðun Vestfjarða ehf.  
Aðalstræti 19

## Ísafjörður

Gámaþjónusta Vestfjarða ehf.  
Kirkjubóli III  
Orkubú Vestfjarða ohf.  
Stakkanesi 1  
Verkstjórafélag Vestfjarða  
Móholti 3

## Súðavík

Súðavíkurhreppur  
Grundarstræti 3

## Hvammstangi

Húnaþing vestra  
Hvammstangabraut 5

## Blönduós

Húnavatnshreppur  
Húnavöllum

## Sauðárkrókur

lönsveinafélag Skagafjarðar

## Síglufjörður

SR-Vélaverkstæði hf.  
Vetrarbraut 12

## Ólafsfjörður

Árni Helgason ehf. – vélaverkstæði  
Hlíðarvegi 54  
Sjómannaafélag Ólafsfjarðar  
Brekkgötu 9

## Dalvík

Bruggsmiðjan Kaldi ehf.  
Öldugötu 22

## Akureyri

Félag málmíðnaðarmanna Akureyri  
Skipagötu 14  
Höldur ehf. bílaleiga  
Tryggvagbraut 12  
Samherji ehf.  
Glerárgötu 30  
Skútaberg ehf.  
Sjáfarnesi 2-4

## Grimsey

Sígurbjörn ehf.

## Grenivík

Frosti ehf.  
Melgötu 2

## Húsavík

Framsýn stéttarfélag  
Garðarsbraut 26

## Mývatn

Skútustaðahreppur  
Hlíðavegi 6

## Þórshöfn

Verkalýðsfélag Þórshafnar  
Langanesvegi 18

## Vopnafjörður

Sláturfélag Vopnfirðinga hf.  
Hafnarbyggð 8

## Egilsstaðir

Hítaveita Egilsstaða og Fella ehf.  
Einhleypingi 1

## Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður  
Hafnargötu 44

## Reyðarfjörður

Fjarðabyggð  
Hafnargötu 2

## Neskaupstaður

Fjarðanet hf.  
Strandgötu 1

## Fáskrúðsfjörður

Loðnuvinnslan hf.  
Skólavegi 59

## Vík

Mýrdalshreppur  
Austurvegi 17

## Kirkjubæjarklaustur

Skafthreppur  
Klausturvegi 10

## Selfoss

Foss stéttarfélag í almannaðjónustu  
Austurvegi 38  
Súperbygg ehf.  
Eyrarvegi 31  
Veitingastaðurinn Menam  
Eyravegi 8

## Ölfus

Eldhestar ehf.  
Völlum

## Þorlákshöfn

Fagus hf.  
Unubakka 18-20  
Frostfiskur ehf.  
Hafnarskeiði 6  
Sveitarfélagið Ölfus  
Hafnarbergi 1

## Vestmannaeyjar

Narfi ehf.  
Litlagerði 27  
Sjómannaafélagið Jötunn  
Skólavegi 21b  
Vinnslustöðin hf.  
Hafnargötu 2  
Vöruval ehf.  
Vesturvegi 18



nav í áskrift

### Viðskiptalausnir 1

- ✓ Fjárhagsbókhald
- ✓ Viðskiptavina- og lánardrottakerfi
- ✓ Innkaupakerfi
- ✓ Sölu- og birgðakerfi
- ✓ Eignakerfi
- ✓ Verkbókhald

Ótakmarkaður fjöldi fyrirtækja  
Reglulegar uppfærslur  
Enginn stofnkostnaður

#### Wise sérlausnir:

- ✓ Rafræn VSK skil
- ✓ Rafræn sending reikninga
- ✓ Þjóðskrártenging

kr. **9.900** pr. mán.  
án vsk

### Viðskiptalausnir 2

#### Wise sérlausnir að viðbætti leið 1:

- ✓ Launakerfi
- ✓ Innheimtukerfi
- ✓ Bankasamskiptakerfi
- ✓ Rafræn móttaka reikninga

kr. **17.900** pr. mán.  
án vsk

 Microsoft Azure

 Office 365

# Fullbúin viðskiptalausn í áskrift - Microsoft Dynamics NAV

Wise býður eitt mest selda  
bókhaldskerfi landsins í  
mánaðarlegri áskrift - NAV í áskrift.

Fullbúið bókhaldskerfi, hýsing og  
afritun í Azure skýjaþjónustu Microsoft í  
áskrift ásamt sérlausnum frá Wise á  
verði frá kr. 9.900 á mánuði.

Kynntu þér málið á [navaskrift.is](http://navaskrift.is)

Þjóðum einnig Office 365 í áskrift.



**wise**

Borgartún 26, Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, Akureyri  
sími: 545 3200 » [wise@wise.is](mailto:wise@wise.is) » [wise.is](http://wise.is)

# SAMSTAÐA



Rafiðnaðarsamband Íslands er starfsgreina-  
samband 9 aðildarfélaga um allt land.

Rafiðnaðarsamband Íslands sameinar  
öflugt fólk í rafiðnaði.

Samstaða félagsmanna skiptir öllu máli.

Stöndum vörð um okkar rétt!

